

76. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs að Hamraborg 1, 9. febrúar 2012, kl. 16:30.

Dagskrá:

1. Framlenging samninga við starfsfólk sem er greitt af Vinnumálastofnun
2. Flutningur safnsins – staða mála
3. Svör við fyrirspurn
4. Önnur mál

Mættir Pétur Hrafn Sigurðsson, Helga Margrét Reinhardsdóttir, Sveinbjörn Strandberg, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Stjórnin telur nauðsynlegt að framlengja samninga við tímabundið ráðna starfsmenn um að a.m.k. 3 mánuði, en samningar þeirra renna út við lok febrúar, til að ljúka flutningi safnsins og vistun skjala á nýjum stað svo safnið verði almenningi aðgengilegt.
2. Flutningar ganga samkvæmt áætlun og vonast er til að Digranesvegur 7 verði afhentur 15. febrúar. Brýn þörf er á að endurnýja tölvubúnað og annan búnað safnsins.
3. Héraðsskjalavörður lagði fram og gerði grein fyrir sínum svörum við fyrirspurn Sveinbjarnar Strandberg dags. 12.12.2011. Sjá fylgiskjöl.
4. Önnur mál
 - a. Fjárhagsáætlun safnsins eins og hún var samþykkt fyrir árið 2012 rædd og stjórn telur að hún þarfnist endurskoðunar.
 - b. Hugmyndir að hátíðarhöldum vegna 350 ára afmælis Kópavogsfundarins 28. júlí nk. ræddar. Settur hefur verið á fót samstarfshópur skjalasafnsins, Sögufélags Kópavogs og Bókasafns Kópavogs um minningarhátíð, málþing og útgáfu. Stjórn Héraðsskjalasafnsins fagnar þessu framtaki.
 - c. Héraðsskjalavörður fór yfir fyrstu verkefni á nýjum stað, en þau eru staðsetningarskrá, öryggismálaáætlun, að halda áfram útgáfu ársrits safnsins, að koma skjalaskrá á netið og á lestrarsal og uppsetning á handbókasafni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:35.